

Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar

Greinargerð um skólaárið 2019-20

og

starfsáætlun 2020-21



Strengjasveit Tónskólans í náms- og tónleikaferð í Filadelfíu í október 2019

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Áætlað umfang starfsins næstkomandi/nýliðins skólaár(s)	4
<i>Nemendafjöldi</i>	4
<i>Kennarar</i>	6
<i>Skóladagatal</i>	7
<i>Helstu viðburðir</i>	11
<i>Samstarf eða þróunarverkefni</i>	12
Yfirlit yfir kennslu nemenda.....	14
<i>Kennslumagn</i>	14
<i>Kennslustaðir</i>	14
Hlutverk/leiðarljós/gildi tónlistarskólans	14
Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári	15
Mat á námsárangri	18
Mat á starfsemi skólans.....	19
<i>Ytra mat - skólinn</i>	19
<i>Matsáætlun 2019-2020</i>	21
Hvernig skólinn framfylgir stefnu Reykjavíkurborgar	21
lokaorð.....	21

Inngangur og yfirlit yfir sögu Tónskóla Sigursveins.

- **Stofnun skólans og rekstrarfyrirkomulag.** Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar var stofnaður 30. mars 1964. Markmið skólans var að auka aðgengi almennings að tónlistarmenntun, efla tónlistarstarf í Reykjavík og hlúa að íslenskum þjóðlagaarfi. Forgöngu að stofnun skólans hafði Sigursveinn D. Kristinsson tónskáld og veitti hann skólanum forstöðu fyrstu 20 árin. Tónskólinn er rekinn sem sjálfseignarstofnun af styrktarfélagi. Stjórn styrktarfélagsins er einnig stjórn skólans. Í stjórninni er 6 menn, kosnir á aðalfundi styrktarfélagsins, þar að auki einn fulltrúi tilnefndur af starfsmannafélagi styrktarfélagsins, þar að auki einn fulltrúi tilnefndur af nemendafélagi skólans.
- **Ágrip af húsnæðissögu skólans og þróun nemendafjölda**
 - Fyrsta veturinn 1964-65 voru 75 nemendur í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. 1968-69 voru nemendurnir 219, 1973 330 og 1981 540. Fyrstu árin fór kennsla fram heima hjá kennurum og í ýmsum stofum sem leigðar voru undir tónlistarkennslu.
 - Árið 1971 eignaðist skólinn eigið húsnæði er styrktarfélagið keypti húseignina Hellusund 7.
 - Haustið 1974 hófst kennsla í Breiðholti.
 - Sumarið 1977 lét skólinn byggja „lausa kennslustofu“ til að bæta úr húsnæðisþörf skólans í Breiðholtshverfi og fékk leyfi til að setja hana niður á lóð Fellaskóla.
 - Í janúar 1983 var skólanum úthlutað lóð fyrir nýtt skólahús við Hraunberg 2 og hófst þar kennsla í september 1984.
 - Skólaárið 1983-84 voru 557 nemendur í Skólanum, 36 kennarar og um 24 stöðugildi.
 - Haustið 1991 hófst kennsla við Árbæjar- og Ártúnsskóla og á tímabili sóttu um 100 nemendur tónlistarnám við Árbæjardeildina.
 - Í ársbyrjun 1994, á 30. afmælisári skólans voru fest kaup á nýlegu húsi að Engjateigi 1 í Reykjavík. Skólinn flutti í húsið í maí 1997 og þar eru höfuðstöðvar hans.
 - Skólaárið 1998-1999 stunduðu 630 nemendur nám við skólann og kennarar voru 61. Heildarfjöldi kennslustunda jafngilti u.þ.b. 33 stöðugildum.
 - Árin 2000-2018 hefur nemendafjöldinn verið á bilinu 540-620, en 21% niðurskurður fjárframlaga árið 2005 og 12% niðurskurður árið 2009 leiddu til fækkunar nemenda.
 - Skólaárið 2019-20 voru nemendur 590 og 67 kennarar, og um 29 stöðugildi til kennslu og stjórnunar.
- **Stjórn skólans**
 - Tónskóli Sigursveins er sjálfseignastofnun sem rekinn er af styrktarfélagi sem stofnað var 30. Mars 1964. Stjórn styrktarfélagsins er jafnfram skólaráð tónskólans. Í skólaráði eru þrír kosnir á aðalfundi styrktarfélagsins og þrír til vara, einn tilnefndur af starfsmannafélagi skólans og einn af nemendafélagi hans. Í skólaráði sitja árið 2019-20 Sigursveinn Magnússon, Hrefna Guðmundsdóttir og Auðunn Sæmundsson. Fulltrúi kennara er Páll Eyjólfsson. Skólaráð ræður skólastjóra sem er framkvæmdastjóri skólans. Skólastjóri ræður aðra starfsmenn skólans.

- Starfsárið 2020-21 verða stjórnendur skólans eftirfarandi:
Júlíana Rún Indriðadóttir, skólastjóri
Halldóra Aradóttir, aðstoðarskólastjóri og deildastjóri í píanódeild
María Cederborg, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri bláaradeildar
Aðalheiður Matthíasdóttir, deildarstjóri strengjadeildar og Suzukideildar, -
umsjón með strengjasveitum
George Claassen, deildarstjóri rytmadeildar
Þórdís Þórhallsdóttir, deildarstjóri tónfræðigreina
Páll Eyjólfsson, deildarstjóri í gítardeild
Elfa Lilja Gísladóttir, verkefnisstjóri leikskólaverkefnis
Nína Margrét Grímsdóttir, umsjón með framhaldsdeild

ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI/NÝLIÐINS SKÓLAÁR(S) NEMENDAFJÖLDI

Yfirlit yfir námsframboð skólans.

- **Hljóðfæraleikur.** Boðið er upp á kennslu í hljóðfæraleik á eftirtalin hljóðæri: Barítón horn, básúnu, blokkflautu, fiðlu, gítar, harmonikku, horn, hörpu, klarínnett, kontrabassa, óbó, píanó, rafgítar, rafbassa, saxófón, selló, slagverk, einsöng, trompet, víólu og þverflautu. Í hefðbundnu hljóðfæranámi fá nemendur í fullu námi 1 klst. í einkatíma á viku, en einnig er gefin kostur á að vera 0,5 klst. á viku eða 45 mín.
- **Suzukinám.** Í Suzukideild skólans er hægt að læra á fiðlu, víólu, selló, píanó og gítar. Nemendur fá 30-60 mín. einkatíma á viku og hóptíma hálfsmánaðarlega. Nemendur hefja nám í Suzukideild skólans á aldrinum 3-5 ára.
- **Rytmískt nám.** Í rytmadeild skólans er kennt á rafgítar, rafbassa, fiðlu, selló, slagverk, píanó og saxófón og þar eru nemendur í samspili vikulega.
- **Forskóli.** Boðið er upp á tveggja ára forskólanám og hafa nemendur úr forskóla forgang inn í hljóðfæranámið. Hægt er að hefja forskólanám 6 og 7 ára. 6 ára nemendur læra á kantele og eldri forskólanemendur á blokkflautu. Einnig er lögð áhersla á söng og hreyfingu.
- **Samspil og samkennsla.** Mjög mikil áhersla er lögð á samkennslu og samspil, og eftirfarandi hópar hafa verið starfandi undanfarin ár:
 - Suzukihópkennsla: 4-5 fiðluhópar, 2-3 sellóhópar, 2 víóluhópar, 2-4 píanóhópar og 1 gítarhópur
 - Samspilshópur blokkflautunemenda.
 - Fjórar strengjasveitir
 - Fjórar gítarsveitir, m.a. Gítarsveit áhugamanna
 - Þverflautuhópur og flautukór
 - 5 hljómsveitir í rytmískri deild.
 - Píanóhringekjur – samspilshópar píanónemenda, - fjórir hópar í grunnnámi á Engjateigi og í Hraunbergi, miðnáms hópur og framhaldshópur
 - Samsöngur einsöngsnemenda
 - Kammerhópar á framhaldsstigi, tríó, kvartetta og kvintettar
 - Sellókór áhugamanna
 - Fjórir samspilshópar fyrir leikskólaverkefnið
 - Píanó Plús – vinnustofa fyrir píanónemendur bæði yngri nemendur og nemendur á framhaldsstigi
 - Þjóðlagasveit
- **Tónfræðagreinar.** Boðið er upp á allar tónfræðagreinar skv. aðalnámskrá. Grunn nám í tónfræðagreinum tekur tvö ár að jafnaði (áfangar **G1** og **G2**) og miðnámið þrjú ár (áfangar

M1, M2 og M3). Í framhaldsnámi er boðið upp á **Tónheyrn F1, Tónheyrn F2, Hljómfræði F1, Hljómfræði F2, Tónlistarsögu F1, Tónlistarsögu F2** og valgrein svo sem tónsmíðar, íslenska tónlistarsögu, djasshljómfræði eða raftónlist. Samvinna er um framhaldsdeildaráfangana við tónlistarskólana í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Lögð er áhersla á sköpunarþáttinn með **Deigi tónfræðinnar** þar sem allir hópar í tónfræðagreinum koma fram og flytja yfirleitt frumsamið efni. Í lok vorannar fer fram **tónfræðikeppni** innan hvers áfanga.

Skráning nemenda á hljóðfæri og í forskóla fyrir skólaárið 2020-21 er eftirfarandi, skipt eftir námsáföngum og kyni.

Námsgrein	Drengur	Stúlka	Fjöldi nemenda	G	M	F
BÁS	0	1	1	0	0	1
BFL	2	6	8	7	1	0
FAG	0	1	1	0	1	0
FIÐ	9	49	58	30	6	15
FIZ	20	34	54	41	11	3
FOR	32	61	93	94	0	0
GÍT	48	25	73	66	8	3
GÍZ	6	3	9	9	0	0
HAR	1	1	2	1	1	0
HRN	4	0	4	1	1	2
HRP	0	4	4	2	2	0
KLA	2	7	9	3	4	2
KON	2	3	5	4	1	0
ÓBÓ	1	2	3	2	1	0
PNO	38	77	115	70	34	14
PNZ	12	9	21	18	4	1
RAB	5	2	7	7	0	0
RAG	6	0	6	6	0	0
RFA	1	2	3	4	0	0
RPN	2	0	2	1	0	1
SAX	11	2	13	9	3	1
SEL	12	28	40	17	5	10
SEZ	11	14	25	14	11	0
SLA	8	1	9	8	1	0
SÖN	3	8	11	6	4	1
TPT	8	3	11	6	4	1
VÍÓ	1	1	2	1	1	0
VÍZ	4	11	15	9	6	0
ÞFL	1	31	32	13	14	5
	250	386	636	449	124	60

Kennarar í Tónskóla Sigursveins eru 66 talsins, 37 konur og 29 karlar

Kennarar skólaárið 2019-20 og kennslugreinar þeirra:

Aðalheiður Matthíasdóttir	fiðla, Suzukikennsla
Agnar Már Magnússon	rytmískt píanó
Anna Jónsdóttir	forskóli
Auður Hafsteinsdóttir	fiðla
Ásta Björg Björgvinsdóttir	forskóli
Birkir Blær Ingólfsson	saxófónn
Daniel Cassidy	fiðla, spuni, rytmísk tónlist
Diljá Sigursveinsdóttir	fiðla, Suzukikennsla
Elfa Lilja Gísladóttir	forskóli
Elín Gunnlaugsdóttir	hljómfræði, tónheyrn
Emil Steindór Friðfinnsson	horn
George L. Claassen	slagverk, rytmísk tónlist
Greta Guðnadóttir	fiðla, Suzukikennsla
Gréta Rún Snorradóttir	selló
Grétar Geir Kristinsson	gítar, Suzukikennsla
Grímur Helgason	klarínnett
Guðmundur Hafsteinsson	trompet
Guðni K. Franzson	klarínnett
Gunnar Kvaran	selló
Hafdís Kristinsdóttir	píanó
Halldóra Aradóttir	píanó, meðleikur
Hallvarður Ásgeirsson	gítar, tónfræði
Helga Þórarinsdóttir	kammermúsík, strengjasveit
Helgi Már Hannesson	rytmískt píanó, samspil
Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson	hljómfræði
Jakob Hagedorn Olsen	gítar, gítarsveit
Jóhann Ingi Benediktsson	gítar, tónfræði, samspil
Jón Hrólfur Sigurjónsson	tónfræðagreinar
Jórunn Þórey Magnúsdóttir	píanó
Júlía Mogensen	selló
Júlíana Rún Indriðadóttir	píanó, meðleikur
Kristín Mjöll Jakobsdóttir	fagott
Kolbeinn Bjarnason	tónlistarsaga
Kristín Lárusdóttir	selló
Kristín Th. Gunnarsdóttir	fiðla
Kristján Karl Bragason	meðleikur
Kristján Matthíasson	fiðla, strengjasveit
Laufey Sigrún Haraldsdóttir	píanó
Laufey Kristinsdóttir	píanó
Maria Cederborg	þverflauta, tónfræði
Maria Weiss	fiðla
Marta Halldórsdóttir	einsöngur
Nína Margrét Grímsdóttir	píanó, meðleikur
Ólöf Sigursveinsdóttir	selló, strengjasveit
Ólöf Una Jónsdóttir	píanó, harmonika
Pamela De Sensi	þverflauta, flautukór
Páll Hannesson	kontrabassi
Páll Eyjólfsson	gítar
Ragnheiður Haraldsdóttir	blokkflauta, samspil

Rósa Jóhannsdóttir	fiðla, hljómsveit
Sarah Buckley	víóla, Suzukikennsla
Sigmar Þór Matthíasson	rafbassi, rytmískt samspil
Sigrún Valgerður Gestsdóttir	píanó
Sigurbjörn Ari Hróðmarsson	hljómfræði
Sigurgeir Agnarsson	selló
Sigurður Sveinn Þorbergsson	básúna
Símon H. Ívarsson	gítar
Sophie Marie Schoonjans	harpa
Valdís Guðrún Gregory	forskóli, tónfræði
Þorvaldur Már Guðmundsson	gítar, gítarsveit
Þór Sverrisson	rytmískt píanó
Þóra Fríða Sæmundsdóttir	píanó, meðleikur
Þórdís Þórhallsdóttir	tónfræðagreinar
Þórunn Hulda Guðmundsdóttir	píanó, Suzukikennsla
Örnólfur Kristjánsson	selló, Suzuki, strengjasveit

STARSÁÆTLUN SKÓLAÁRIÐ 2019-20

Starfsáætlun haustannar 2019. Þema skólaársins er: Tónlist og samfélagið

ÁGÚST 2019

21. miðvikudagur	Almennur kennarafundur og skólasetning kl. 13-15
21.- 23. Starfsdagar	stundaskrágerð og fundir
26. mánudagur	Kennsla hefst skv. stundaskrá
31. laugardagur	Upphitunardagur í Suzukideild 9.30-14 á Engjateigi og í Laugarneskirkju

SEPTEMBER

3. þriðjudagur	Hljómsveit 3 - æfingar hefjast
4. miðvikudagur	Hljómsveit 1 / samspil í rytmískri deild / gítarsveitir - æfingar hefjast
7. laugardagur	Hljómsveit 2 / Suzukihóptímar / Strengjasveit Tónskólans - æfingar hefjast
9. mánudagur	Foreldrafundur fyrir forskóla á Engjateigi kl. 20
14. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
20. föstudagur	Starfsdagur - Svæðisþing FT/STS á Grand hótél
21. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
22. sunnudagur	Tónleikar Ungsveitar Sinfóníunnar í Hörpu kl. 17
23. mánudagur	Blandaðir tónleikar á Engjateigi kl. 19 – umsjón Jórunn
27. föstudagur	Málþing STS um tónlistarskólana í Kaldalóni
27. föstudagur	Sellómasterclass með Sænni Þorsteinsdóttur á Engjateigi kl. 16-18

OKTÓBER

2. miðvikudagur	Blandaðir tónleikar í Hraunbergi kl. 18 – umsjón Hafdís
5. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
9. miðvikudagur	Blandaðir tónleikar á Engjateigi kl. 19.15 – umsjón María
11. föstudagur	Námskeið fyrir blásara með Joseph Ognibene á Engjateigi kl. 15-18
12. laugardagur	Útskriftartónleikar Suzukinemenda kl. 13.30 og 14.30
14. mánudagur	Blandaðir tónleikar í Hraunbergi kl. 18 – umsjón Ólöf Una
15. þriðjudagur	Píanótónleikar nemenda í grunnnámi í Hraunbergi kl. 18
19. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
21. mánudagur	Píanótónleikar nemenda í grunnnámi á Engjateigi kl. 19
22. þriðjudagur	Blandaðir tónleikar á Engjateigi kl. 19 – umsjón Laufey
23.-28. mið.-mán.	Starfsdagur, vetrarleyfi, endurmenntunarferð kennara til Stokkhólms
31. fimmtudagur	Hrekkjavaka í Hraunbergi – umsjón Kristín Lár

NÓVEMBER

1.-3.	Heimsókn þverflautunemenda í Tónlistarskólann á Akureyri
2. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
2. laugardagur	Blandaðir tónleikar í Suzukideild í Hraunbergi kl. 12.30 og 14 - umsj. Diljá
3.-4.	Gítarmasterclass – Manuel Barrueco í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar kl. 14
4. mánudagur	Blandaðir tónleikar á Engjateigi kl. 19 – umsjón Ragnheiður
8. föstudagur	Sellómasterclass með Sigurgeiri Agnarssyni á Engjateigi kl. 18-20
9. laugardagur	Heimsókn Píanóhringekju í Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi
14. fimmtudagur	Blandaðir tónleikar í Hraunbergi kl. 19 – umsjón Þóra Fríða
15. föstudagur	Dagur íslenskrar tungu (16. okt.) heimsókn í Fella- og Hólabrekkuskóla
16. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
17. sunnudagur	Píanó plús - lokatónleikar haustannar á Engjateigi kl. 19
19. þriðjudagur	Píanótónleikar nemenda í miðnámi á Engjateigi kl. 19 - umsjón Halldóra
21. fimmtudagur	Gítartónleikar framhaldsnemenda á Engjateigi kl. 19 - umsjón Páll
22. föstudagur	Blandaðir tónleikar á Engjateigi kl. 17.30 – umsjón Greta
23. laugardagur	Barokknámskeið fyrir blásara með Martial Nardeau í Hrb. kl. 9.30-12.30
23. laugardagur	Tónleikar strengjasveita í Seltjarnarneskirkju kl. 14 og 16
25. mánudagur	Fiðlumasterclass með Sif Tulinius á Engjateigi kl. 18.30
25.-29.	Prófdagar, prófanefndarpróf og innanhússpróf
27. miðvikudagur	Dagur tónfræðinnar á Engjateigi kl. 16, 17 og 18
30. laugardagur	Tónleikar Suzukideildar í Fella- og Hólakirkju kl. 11
30. laugardagur	Forskólatónleikar í Áskirkju kl. 13

DESEMBER

2. mánudagur	Aðventuhátíð Hraunbergs á torginu – umsjón Kristín Lár
2. mánudagur	Jólatónleikar Skólaus
4. miðvikudagur	Tónleikar gítarsveita í Hraunb. kl. 19 - umsjón Þorvaldur
7. laugardagur	Jólatónleikar í Hörpuhorni kl. 15.15 - umsjón Halldóra
11. miðvikudagur	Tónleikar rytmadeildar í Hraunbergi kl. 18 - umsjón George
14. laugardagur	Útskriftartónleikar Suzukinemenda á Engjateigi kl. 11 og 12
14. laugardagur	Jólatónleikar Hraunbergs- og Árbæjardeildar í Breiðholtskirkju kl. 14 - umsjón Marta og Hafdís
17. þriðjudagur	Tónleikar framhaldsnemenda á Engjateigi kl. 18 og 19.15 - umsj. Nína Margrét
18.-20.	Jólatónleikar, jólastundir eða heimsóknir
20. föstudagur	Síðasti kennsludagur fyrir jólaleyfi

Starfsáætlun vorannar skólaárið 2019-20 / Þema skólaársins er: Tónlist og samfélagið

JANÚAR 2020	6. mánudagur	Kennsla hefst skv. stundaskrá
	7. þriðjudagur	Píanómasterclass með Dragana Teparic á Engjateigi kl. 19
	8. miðvikudagur	Kennarafundur kl. 10-12: starfsáætlun vorannar
	11. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
	13.-17.	Foreldraviðtöl
	18. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
	20. mánudagur	Fiðlumasterclass með Páli Palomares á Engjateigi kl. 18.30
	22. miðvikudagur	Kennarafundur kl. 10: foreldravika og tónlistarhátíð í febrúar
	25. laugardagur	T Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna í Langholtskirkju kl. 16
	27. mánudagur	Blandaðir tónleikar á Engjateigi kl. 18.45
FEBRÚAR	1. laugardagur	Blaðlestrarhreysti píanónemenda hópar G2E og G2H á Engjat. kl. 11-12
	1. laugardagur	Tónleikar Suzukideildar á Engjateigi kl. 13.30 - umsj. Sarah
	1. laugardagur	Gítarsveitadagurinn í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
	3. mánudagur	Fiðlumasterclass með Unu Sveinbjarnardóttur á Engjateigi kl. 18.30
	4. þriðjudagur	Blandaðir tónleikar í Hraunbergi kl. 18
	8. laugardagur	Blaðlestrarhreysti píanónemenda hópar G1E og G1H á Engjateigi kl. 11-12
	8. laugardagur	Dagur tónlistarskólanna, opið hús í Hraunbergi kl. 11-13
	8. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
	14. föstudagur	Blandaðir tónleikar á Engjateigi kl. 16.30
	12. þriðjudagur	Jamsession í Hraunbergi kl. 19.30 - umsjón George
	18.-20.	Tónleikadagar - Þema: Tónlist og samfélagið
	21. föstudagur	Sellómasterclass með Ólöfu Sigursveinsdóttur á Engjateigi kl. 18-20
	22. laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17

24. og 26. Tækni- og tónstigapróf hjá fiðlunemum á framhaldsstigi
29.-2. mars *Vetrarleyfi (vetrarleyfi grunnskóla eru 28. feb.-2 mars)*

MARS	7.	laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-17
	7.	laugardagur	Flautumasterclass með Áshildi Haraldsdóttur í Hraunbergi kl. 13-16
	7.-8.		Æfingabúðir hljómsveita í Þorlákshöfn
	9.	mánudagur	Fiðlumasterclass með Sif Tulinius á Engjateigi kl. 18.30
	9.	mánudagur	Blandaðir tónleikar í Hraunbergi kl. 18
	10.	þriðjudagur	Blandaðir tónleikar á Engjateigi kl. 18.45
	13.-18.		Leikskólaheimsóknir
	13.	föstudagur	Sellómasterclass með Bryndísi Höllu Gylfadóttur á Engjateigi kl. 18
	14.	laugardagur	Útskriftartónleikar Suzukinemenda á Engjateigi kl. 14 og 15
	17.	þriðjudagur	Tónleikar Árbæjar, Breiðagerðisskóli, Dalskóla, Suðurhlíðaskóla í Hraunbergi kl. 18
	18.	miðvikudagur	Blandaðir tónleikar á Engjateigi kl. 19.15
	18.	miðvikudagur	Gítartónleikar í Frkirkjunni kl. 20 - umsjón Þorvaldur
	21.	laugardagur	Píanó plús á Engjateigi kl. 14-15 og 15-17
	21.	laugardagur	Tónleikar Skólaus
	22.	sunnudagur	Píanó plús - lokatónleikar vorannar á Engjateigi kl. 19
25.-1.		Prófdagar: prófanefndarpróf og M1 og F1 stig	
26.	fimmtudagur	Miðpróf í tónfræði á Engjateigi kl. 18	
29.	sunnudagur	10 ára afmælishátíð Nótunnar í Hörpu	

APRÍL	2.	fimmtudagur	Blandaðir tónleikar + píanóhringekja (miðhópur) á Engjat. kl. 18.30
	4.-13.		<i>Páskaleyfi</i>
	14.	þriðjudagur	Kennsla hefst eftir páskaleyfi
	21.	þriðjudagur	Barnamenningarhátíð í Hörpu
	23.	fimmtudagur	<i>Sumardagurinn fyrsti - frídagur</i>
	24.	föstudagur	Kammertónleikar á Engjateigi kl. 18 - umsjón Helga, Nína Margrét
	25.	laugardagur	Tónleikar strengjasveita í Seltjarnarneskirkju kl. 14 og 16
	27.	mánudagur	Vorprófstónleikar sellónemenda á Engjat. kl. 19 – umsjón Örnólfur
	28.	þriðjudagur	Vorprófstónleikar píanónemenda kl. 19 – umsjón Halldóra
	29.	miðvikudagur	Vorprófstónleikar blásaranemenda á Engjateigi kl. 19.30 – umsjón María
	30.	fimmtudagur	Vorprófstónleikar gítarnemenda á Engjateigi kl. 19 – umsjón Páll

MAÍ	1.	föstudagur	<i>1. maí – frídagur</i>
	4.	mánudagur	Vorprófstónleikar fiðlunemenda kl. 19 og 20 – umsjón Aðalheiður
	4.-16.		Prófdagar í tónfræði G1, G2, M1, M2
	9.	laugardagur	Útskriftartónleikar Suzukinemenda á Engjateigi kl. 12.30, 13.30 og 15
	13.	miðvikudagur	Tónleikar rytmadeildar Hraunbergi kl. 18 - umsjón George
	16.	laugardagur	Dagur Tónskólans í Hraunbergi, Gerðubergi og Fella- og Hólakirkju
	20.	miðvikudagur	Vortónleikar gítarsveita í Hraunbergi kl. 19 - umsjón Þorvaldur
	21.	fimmtudagur	<i>Uppstigningardagur - frídagur</i>
	25.	mánudagur	Tónfræðikeppnin á Engjateigi kl. 15, 16, 17 og 17.45
	25.	mánudagur	Síðasti kennsludagur
26.-28.		Prófdagar: G1 og G2 stigspróf	

JÚNÍ	29. maí - 4. júní	Starfsdagar
	1.	<i>Annar í hvítasunnu - frídagur</i>

Vegna Covid :

Endurskoðuð starfsáætlun fyrir maí 2020

MAÍ	1.	föstudagur	<i>1. maí – frídagur</i>
	4.	mánudagur	hóptímar hefjast að nýju eftir tilslakanir í samkomubanni
	7.	fimmtudagur	Áfangapróf – píanó – Hraunbergi
	8.	föstudagur	Saxófón- og trompetpróf – G1, G2, M1, F1 - Engjateigi
	9.	laugardagur	Útskriftartónleikar Suzukinemenda á Engjateigi kl. 12, 13 og 14:30
	12.	þriðjudagur	Áfangapróf – blásarar
	13.	miðvikudagur	Áfangapróf – fiðlur
	18.	mánudagur	Áfangapróf – píanó
	19.	þriðjudagur	Flautupróf – M1 og F1

20. miðvikudagur Miðpróf í tónfræðagreinum kl. 17
 Sellópróf og píanópróf – G1, G2, F1
 Rytísk áfangapróf í Hraunbergi
Vortónleikar gítarsveita í Frikirkjunni - umsjón Þorvaldur
21. fimmtudagur Uppstigningardagur - frídagur
22. föstudagur Rytískt F1 próf - Hraunbergi
Vorprófstónleikar sellónemenda (framhaldsdeild) kl. 17
23. laugardagur **Nemendatónleikar á Engjateigi og í Hraunbergi (kennarar bóka sal)**
25. mánudagur *Síðasti kennsludagur*
 Fiðlupróf F1 á Engjateigi kl. 9-12
 Áfangapróf trompet kl. 13:30
Vorprófstónleikar fiðlunemenda (framhaldsdeild) kl. 18 og 19:30
26. þriðjudagur Píanópróf G1 og G2 á Engjateigi kl. 10-16
 Gítarpróf G1 og G2 í Hraunbergi kl. 10-12
Vorprófstónleikar gítarnemenda (framhaldsdeild) kl. 19
27. miðvikudagur Strengjapróf á Engjateigi kl. 10-17
 Píanópróf í Hraunbergi kl. 10-16
Vorprófstónleikar blásaranemenda (framhaldsdeild) kl. 19
28. fimmtudagur Gítarpróf G1 og G2 á Engjateigi kl. 9-12
 Blásarapróf G1 og G2 á Engjateigi kl. 13-17
Vorprófstónleikar píanónemenda (framhaldsdeild) kl. 19

Dagskrá starfsdaga 29. maí – 4. júní 2020

Allir fundir verða á Engjateigi nema annað sé tekið fram.

Föstudagur 29. maí **Deildarfundir – gerð innanhúsnámskrár**
 kl. 9-11 Píanókennarar
 kl. 9-11 Gítarkennarar og harpa
 kl. 11-13 Rytmadeild
 kl. 11-12 Kennarar nemenda í framhaldsdeild

kl. 13 **Almennur kennarafundur**
 kl. 14:30 **Vorganga starfsmannafélagsins**

Þriðjudagur 2. júní **Gerð innanhúsnámskrár**
 kl. 9-12 Tónfræðikennarar
 kl. 9-12 Strengjakennarar
 kl. 13-16 Námskeið ”**Að auka vellíðan í lífi og starfi**”
 Ingrid Kuhlman, MSc í hagnýtri jákvæðri sálfræði

Miðvikudagur 3. júní Tiltekt og frágangur í stofum
 Afhending prófskrifteina
Skólaslit kl. 17
Vorveisla starfsmanna að loknum skólaslitum

Fimmtudagur 4. júní **Vinnufundir til að ljúka gerð innanhúsnámskrár**
 kl. 9-12 Píanókennarar
 kl. 9-12 Rytmadeild
 kl. 13-16 Blásarakennarar
 kl. 13-15 Suzukikennarar
 kl. 15-16 Hljómsveitastjórar

Hefðbundið tónleikahald.

- Nemendatónleikar eru haldnir reglulega allt starfsárið þar sem kennarar geta skráð nemendur.
- Tónfundir hjá einstökum kennurum eða hópi kennara
- Útskriftartónleikar í Suzukideild
- Deildartónleikar, t.d. tónleikar framhaldsdeildar, píanódeildar eða gítardeildar.
- Fastir tónleikar í lok haustannar: Strengjasveitatónleikar, tónleikar gítarsveitanna, jólatónleikar Suzukideildar, forskólatónleikar, Jólatónleikar í Hraunbergi, jólatónleikar í Árbæjarkirkju, jólatónleikar á Engjateigi, kammermúsíktónleikar og tónleikar framhaldsdeildar
- Tónleikar í þemaviku í febrúar, - tvennir til þrennir tónleikar á dag á Engjateigi og í Hraunbergi þar sem allir nemendur skólans koma fram. Nýtt þema er valið á hverju ári.
- Úrvalstónleikar fyrir Nótuna. Tvennir tónleikar þar sem dómnefnd velur hvaða atriði taka þátt í svæðistónleikum Nótunnar í Reykjavík
- Strengjasveitatónleikar á vorönn þar sem fram koma fjórar strengjasveitir.
- Gítarsveitatónleikar þar sem fram koma fjórar gítarsveitir skólans.
- Vortónleika rytmadeildar þar sem fram koma hljómsveitir í rytmadeildinni.
- Vorprófstónleikar í framhaldsdeild, - fimm tónleikar: Fiðlu-, selló-, píanó- gítar- og blásaradeildartónleikar.
- Dagur Tónskólans í maí, u.þ.b. 12 tónleikar haldnir á sama degi í Hraunbergi, Gerðubergi og Fella- og Hólakirkju. Þar koma fram flestir hljóðfærahópa skólans og stór hluti nemenda í skólanum.
- Vortónleikar fyrir nemendahóp hvers kennara.

Sérstök verkefni

- **Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna** starfar í janúar. Æft er í 3-4 vikur, helgar og virka daga (u.þ.b. 30 klst samanlagt) og tekist á við metnaðarfulla sinfónísk verk. Verkefninu lýkur með tónleikum í lok janúar. Í janúar 2020 var sú nýbreytni að Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna bauð fjórum grunnskólum í nágrenni Langholtskirkju á sérstaka skólatónleika. Um 550 nemendur úr efri deildum Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Vogaskóla komu á tónleika (tvenna) hljómsveitarinnar sem haldnir voru föstudagsmorguninn 24. Janúar í Langholtskirkju.
- **Leikskólaverkefnið.** Á hverju ári eru valin eða pöntuð lög eftir eitt tónskáld. Lögin eru hljóðrituð og dreift ásamt textum til meira en 30 leikskóla. Um 600 börn læra lögin og textana og heimsækja síðan Tónskóla Sigursveins og flytja lögin við undirleik hljóðfærahópa. Tónlistarnemendurnir kynna líka hljóðfærin sín fyrir leikskólabörnunum sem fá síðan að prófa hljóðfærin. Verkefninu lýkur með tvennum tónleikum á Barnamenningarhátíð í Eldborgarsal Hörpu þar sem leikskólabörnin flytja lögin við undirleik nemenda úr tónskólanum. Ekki var hægt að ljúka verkefninu í ár vegna samkomubannsins og aðeins 9 leikskólar náðu að heimsækja Tónskólann og syngja við undirleik hljóðfærahópa Tónskólans. Ákveðið var að nota sama efni næsta vetur en flestir hljóðfæranemendurnir voru búnir að æfa og undirbúa sig fyrir leikskólaheimsóknirnar í margar vikur. Auk þess er mikilvægt að ljúka flutningi á

verkefninu „Karímarímambo“, lögum eftir Aðalstein Ásberg við opnun barnameningarhátíðar eins og venja er.

- **Þema vetrarins** – unnið hefur verið með tónlist frá ákveðnu tímabili, ákveðnu landi, sviðstónlist, samspil, spuna og tónlist eftir konur. Í vetur var þemað Tónlist og samfélagið og fólst í tónleikaheimsóknum á dvalarheimili, á vinnustaði og í skóla.
- **Masterklassar** eru haldnir fyrir nemendur á framhaldsstigi oft á ári og bæði leitað til sérfræðinga og listamanna utan skólans sem innan.
- **Dagur tónfræðinnar** er haldinn hátíðlegur á hverju ári með tónleikum þar sem allir tónfræðihópar skólans fram og flytja frumsamið efni eða sýna dæmi um önnur verkefni sem nemendur fást við í tónfræðitímum. Veittar eru viðurkenningar fyrir þau atriði sem skera sig úr.
- **Tónfræðikeppni** er haldin árlega í lok skólaárs en þar keppa tónfræðihóparnir sem eru í sama stigi við hvorn annan. Veittar eru viðurkenningar fyrir besta árangurinn í hverju stigi. Í vetur féll tónfræðikeppnin niður vegna samkomubannsins.

SAMSTARF EÐA ÞRÓUNARVERKEFNI

Samvinna við tónlistarskóla, aðrar skólagærðir og erlent samstarf

Samvinna við aðra tónlistarskóla:

1. Samstarf við Skólahljómsveit Austurbæjar. Nemendur skólalúðrasveitarinnar fá tónfræðikennslu í Tónskóla Sigursveins og í staðinn fá blásaranemendur að spila með lúðrasveitinni.
2. Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna er samvinnuverkefni Tónskóla Sigursveins og tónlistarskólanna í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði og er árið 2019 15. starfsár hljómsveitarinnar.
3. Nemendur Tónmenntaskóla Reykjavíkur taka þátt í starfi strengjasveitanna.
4. Þátttaka í Gítarsveitardeginum í Reykjanesbæ.
5. Flautunámskeið á Akureyri í samstarfi við Tónlistarskóla Kópavogs, Tónlistarskóla Akureyrar og Tónlistarskóla Húsavíkur.
6. Sameiginlegir tónleikar píanónemenda á Selfossi þar sem leikin var í píanóhringekju með nemendum úr Tónlistarskóla Árnesinga.

Samvinna við grunnskóla

7. Kennsla hljóðfæranemenda fer fram í Dalskóla, Breiðagerðisskóla, Hólabrekkuskóla, Árbæjarskóla og Suðurhlíðarskóla
8. Tónskóli Sigursveins kennir öllum 6 og 7 ára börnum í Hólabrekkuskóla og Fellaskóla tónlist. Kennslan fer fram í lotum þ.a. að hver bekkur kemur tvisvar í viku yfir í Hraunberg 2 í u.þ.b. 6 vikur. Allir nemendur í 7. bekk Hólabrekkuskóla fá einnig tónlistarkennslu í sams konar lotufyrirkomulagi þar sem lögð er áhersla á söng, samspil og kennslu á grunnatriði í hljóðfæraleik í rytmadeild skólans, rafgítar, rafbassa, slagverk, hljómborð og söng. Hverri lotu lýkur með tónleikum þar sem nemendur koma fram í hljómsveit.
9. Grunnskólar í Breiðholti og Árbæ eru heimsóttir m.a. á Degi íslenskrar tungu.
10. Tónlistaratriði í samverustundum í grunnskólum.

Samvinna við framhaldsskóla

11. Tónskólinn gerði samstarfssamning um kennslu **tónlistaráfanga í FB** þar sem nemendur læra grunnatriði á rafgítar, hljómborð, rafbassa, slagverk og söng, - samspil, tónfræði og tónsköpun. Kenndir hafa verið byrjunar- og framhaldsáfangi undanfarin tvö ár og eru áfangarnir fein. og kenndir í 4 klst. á viku. Áhugi er fyrir því að fá samþykka tónlistarbraut í FB sem starfrækt yrði í samvinnu við Tónskóla Sigursveins er búið að gera drög að samsetningu námsáfanga á tónlistarbrautinni.
12. Fjöldi nemenda fær hljóðfæranám og áfanga í tónfræðagreinum á framhaldsstigi metna til stúdentsprófs í framhaldsskólum.

Samvinna við leikskóla

13. Leikskólaverkefnið er umfangsmikið samstarfsverkefni við meira en 30 leikskóla í Reykjavík. Meira en 600 leikskólabörn heimsækja Tónskólann og um 100 nemendur í forskóla og hljóðfæraleik taka þátt í verkefninu árlega.

Erlent samstarf

14. Samstarf við **Youth Chamber Orchestra í Fíladelfíu** hefur staðið í átta ár. Strengjasveit Tónskólans heimsótti Fíladelfíu í þriðja skiptið í október 2019, hélt tónleika í nokkrum skólagerðum, lék með YCO og sótti tónleika. YCO hefur jafnoft heimsótt Ísland.
15. Kennarar Tónskólans heimsóttu fjóra ólíka tónlistarskóla í starfsmenntunarferð til Stokkhólms í október 2019.

FRAMHALDSNÁM Í TÓNSKÓLA SIGURSVEINS

Í Aðalnámsskrá tónlistarskóla – Tónfræðagreinar segir um framhaldsnám:

- Framhaldsprófið markar lok almenns tónlistarskólanáms, og þá eiga nemendur að vera undirbúnir undir háskólanám í tónlist.
- Miðað er við að hægt sé að ljúka náminu á 3 - 4 árum og er námið metið til eininga í ákveðnum framhaldsskólum. Þó verður að gera ráð fyrir að námstími í framhaldsnámi sé einstaklingsbundinn.
- Kjarnagreinar í framhaldsnámi eru þrjár auk valgreinar:
 1. Hljómfræði – 2 ár
 2. Tónheyrn – 2 ár
 3. Tónlistarsaga – 2 ár
 4. Valgrein (t.d. tónsmíðar, útsetningar, framhaldsáfangi í hljómfraði, djass- og dægurlagahljómfraði, kontrapunktur eða formfræði – 1 ár)
- Um innihald einstakra áfanga er vísað í Aðalnámsskrá tónlistarskóla – Tónfræðagreinar og til kennara í kjarnagreinum við Tónskóla Sigursveins.
- Skólinn ætlast til þess að nemendur ljúki námi í tónfræðagreinum eins og námsskrá gerir ráð fyrir áður en þeir taka framhaldspróf.
- Taka þarf forpróf bæði fyrir stig F1 í hljóðfæraleik og fyrir framhaldspróf, a.m.k. einni önn áður en áætlað er að taka stig F1 eða framhaldspróf
- Ætlast er til að nemendur taki þátt í hljómsveitarstarfi skólans þegar við á og það gangi fyrir hljómsveitarstarfi utan skólans.
- Ætlast er til að nemendur taki þátt í a.m.k. einu kammerverki á ári sem er flutt á tónleikum skólans
- Framhaldsnemendur þurfa að spila á vorprófi eða forprófi efnisskrá sem er u.þ.b. 10-15 mín. löng það ár sem þeir taka ekki stigspróf.

YFIRLIT YFIR KENNSLU NEMENDA

KENNSLUMAGN

Skv. gildandi þjónustusamningi við Reykjavíkurborg kennir Tónskóli Sigursveins að lágmarki 14.401 nemendastund (20 stöðugildi) á ári á neðri stigum tónlistarnáms og 3.390 nemendastundir á efri stigum. Skólaárið 2019-20 voru umreiknaðar heildarstundir á neðri stigum 18.870 og á efri stigum 3.646 skv. útreikningum í Tónalaunum. 29,5 stöðugildi eru nýtt til kennslu og stjórnunar í skólanum. Nákvæmar upplýsingar um nýtingu kennslumagns er að finna í meðfylgjandi tónalaunaskjali.

KENNSLUSTAÐIR

Tónskóli Sigursveins á eigið skólahúsnæði á Engjateigi 1 og í Hraunbergi 2. Auk þess er kennt í Dalskóla, Breiðagerðisskóla, Árbæjarskóla, Hólabrekkuskóla og Suðurhlíðarskóla

- Skrifstofa skólans er opin alla virka daga kl. 12 - 17. Upplýsingar um skólann má nálgast á heimasíðu skólans tonskolisigursveins.is og þar er hægt að fylla út umsókn um skólavist í Tónskóla Sigursveins. Einnig þarf að sækja um skólavist á rafraenreykjavik.is.

HLUTVERK OG LEIÐARLJÓS TÓNLISTARSKÓLANS - SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA

Markmið og inntak

- Eins og segir í Aðalnámskrá tónlistarskóla er hlutverk tónlistarskóla að:
„stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar“
„búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur“
„búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi“
„stuðla að auknu tónlistarlífi“ (Aðalnámskrá, bls. 13)
- Tónskóli Sigursveins setur sér sömu uppeldislegu markmið, leikni – og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið sem talin eru upp í aðalnámskrá tónlistarskóla
- Markmið Tónskólans er að efla almenna tónlistarþekkingu. Skólinn byggir starf sitt m.a. á þeirri hugsun að með skipulegu námi og markvissum kennsluaðferðum geti allir tileinkað sér vissa færni á sviði tónlistar. Þess vegna er leitast við að koma til móts við þarfir þeirra sem hafa áhuga á að auka þekkingu sína og færni í tónlist jafnhliða öðru námi og starfi en einnig að skapa þeim sem skara fram úr í námi, verkefni við hæfi. Til að sem bestur árangur náist er lögð áhersla á að foreldrar séu þátttakendur í námi yngstu nemendanna og taki sem virkastan þátt í námi barna sinna. Með því næst bestur árangur og þannig vill skólinn stuðla að því að tónlistariðkun verði sjálfsgæður og eðlilegur þáttur í daglegu lífi okkar allra.

Samskipti við foreldra

- Hljóðfærakennarar sjá um að vera í góðu sambandi við foreldra og upplýsa þá um námsframvindu og hvað er framundan í skólasterfinu
- Suzukiforeldrar taka virkan þátt í námi barna sinna

- Foreldraviðtöl eru í janúar og þá er foreldrum boðið að koma í tíma eða hitta hljóðfærakennarana utan kennslutíma.
- Fylgd, rafrænt fréttabréf, er sent til foreldra í byrjun hvers mánaðar til að upplýsa um hvað um er að vera í skólanum

GREINARGERÐ UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Yfirlit yfir starfsemina á skólaárinu og árangur nemenda.

(Hluti greinargerðar sem flutt var á aðalfundi Styrktarfélags Tónskólans 5.júní 2020 og skólaslitaræðu)

a. Áhrif kórónaveirunnar.

Það voru óvenjuleg skólaslit að þessu sinni sem haldin voru á sal Tónskólans á Engjateigi 3. júní sl. og streymt út á facebook síðu skólans enda óvenjulegt starfsár að baki, - fordæmalaugar aðstæður eins og margt oft hefur komið fram og þarfnast ekki frekari útskýringa. Kórónaveiran hafði mikil áhrif á skólastarfið og sérstaklega alla hópkenndu, samspil og hljómsveitastarf sem féll niður í nokkrar vikur. Fyrstu viðbrögðin við útbreiðslu kórónaveirufaraldursins voru að fella æfingabúðir strengjasveitanna stuttu áður en samkomubann var sett á. Það var sárt að þurfa að aflýsa stórum viðburðum eða fresta þeim eins og leikskólaverkefninu sem búið var að undirbúa í margar vikur en ánægjulegt að ná einum degi leikskólaheimsóknna. Við munum rifja upp skemmtilegu lögin hans Aðalsteins Ásbergs á næsta ári og ljúka þá verkefninu eins og venja er á opunarhátíð Barnamenningarhátíðar í Hörpu. Tónleikar strengjasveitanna, gítarsveitanna og tónleikar rytmadeildar féllu niður en flautukórarnir voru svo heppnir að halda sína tónleika áður en samkomubannið skall á. Það voru líka mikil vonbrigði að fresta afmælishátíð Nótunnar þar sem um 400 nemendur úr fjölda tónlistarskóla víðs vegar af landinu áttu að koma fram í Eldborgarsal Hörpu með glæsilega dagskrá, en óhjákvæmilegt og haldið verður upp á afmælið að ári.

Öll hópkenndu eins og tónfræðigreina- og sömuleiðis stór hluti einkatímanna. Stefnan í Tónskóla Sigursveins var að halda starfseminni eins vel gangandi og mögulegt var en fara jafnframt eftir öllum fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda. Kennarar Tónskólans gátu valið hvort þeir kenndu einkatíma í hljóðfæraleik innan veggja skólans eða hvort þeir kenndu tímana í fjarkennslu, - allt þó í samráði við nemendur og foreldra þannig að allir væru sáttir við fyrirkomulag kennslunnar.

Kennarar í tónlistarskólum þurftu eins og í öðrum skólagerðum að bregðast við nýjum aðstæðum, taka upp nýjar kennsluáferðir, læra á ýmsar gerðir fjarfundatækni, taka upp kennslumyndbönd, hlusta á upptökur sem nemendur sendu þeim í tíma og ótíma, vera í miklu sambandi við bæði nemendur og foreldra. Aðrir leituðu fanga á netinu, eftir skemmtilegu og lærdómsríku tónlistarefni til að benda nemendum á, fundu forrit og öpp sem hægt var að nota í tónlistarkennslunni og svo framvegis.

Kennarar eiga hrós skilið fyrir þá miklu vinnu sem lögð var í að halda tónlistarkennslunni gangandi við erfiðar aðstæður. Nemendur eiga hrós skilið fyrir góða mætingu og ástundun bæði í fjarkennslutímum og staðbundnu tímum. Nemendur æfðu sig margir jafnvel meira á tímum samkomubannsins þegar minna var bæði um almenna skólasókn og aðrar tómsstundir. Foreldrar eiga hrós skilið fyrir tæknilega aðstoð við fjarnámið heima fyrir og stuðninginn við tónlistarnámið. Þeir fengu meiri innsýn í tónlistarnámið í gegnum fjarkennsluna sem var mjög jákvætt. Það ríkti samhugur og ekkert var um að kvartað væri yfir því að ekki væri hægt að bjóða upp á hefðbundna kennslu að öllu leyti. Margir töluðu um að kynnast nemendum upp á nýtt og öðruvísi samband við nemendur.

Kórónaveiran varð nemendum meira að segja innblástur við tónsmíðar og á skólaslitum flutti einn nemandi, Dunja Dagný Minic, eigin tónsmíð sem kallast “Kórónaveiran”

b. Áhrif á tónleikahald

Uppskeyra skólaársins er ríkuleg. Haldnir voru meira en 185 tónleikar á skólaárinu sem er meira en í fyrra og frábær árangur þrátt fyrir langt samkomubann. Tónleikahald var með öðru sniði en vanalega, sumir án foreldra og þá stundum teknir upp eða streymt út í lokaða facebook hópa. Aðrir voru með takmörkuðum fjölda áheyrenda þ.a. að hægt væri að virða tveggja metra regluna. Vorprófstónleikar lengra kominna nemenda, þ.e. nemenda sem lokið hafa M1 prófi og ekki tóku áfangapróf á önninni voru mjög skemmtilegir og vandaðir. Haldnir voru sellótónleikar, gítartónleikar, píanótónleikar, blásaratónleikar og tvennir fiðlutónleikar og greinilegt að nemendur höfðu ekki slegið slöku við æfingarnar í samkomubanninu og frammistaða þeirra mjög góð.

c. Fjöldi prófa

Fjöldi skráðra prófa er 357, - þar af tóku 45 nemendur G1 próf í hljóðfæraleik, 37 nemendur G2 próf, 52 tóku grunnpróf, 19 tóku M1 próf, 10 tóku miðpróf, 10 tóku F1 próf og 1 nemandi framhaldspróf. 65 nemendur útskrifuðust úr Suzukibókum 1 – 6. 31.Meira en 250 áfangapróf voru tekin í tónfræðagreinum. 31 nemandi luku forskóla og hefja hljóðfæranám í haust.

En það er ekki bara ánægjulegt hversu margir nemendur luku áfangaprófum í skólanum heldur ekki síður hversu vel nemendur stóðu sig og spiluðu fallega. Einkunnir eru mjög háar og oft vakti frammistaða nemenda sérstaka athygli þeirra sem á hlýddu. Sérstaklega var gaman að heyra frumsamin verk nemenda sem gjarnan eru flutt undir valþættinum á prófunum og voru öll tónlistaratriðin sem flutt voru á skólaslitum samin eða spunnin af nemendum. Verkin og flutningurinn voru frábær þó nemendurnir væru mjög ungir og flestir nýbúnir að taka grunnstigspróf.

d. Yfirlit yfir skólaárið 2019-20

Heimsóknir út fyrir skólann einkenndu skólaárið.

Kennarar lögðu land undir fót og héldu í náms- og kynnisferð til Stokkhólms í október. Heimsóttir voru fjórir ólíkir tónlistarskólar í Stokkhólmi, - konunglega akademían, Lilla akademie, almennur tónlistarskóli og El Sistema program. Það var mjög áhugavert að kynnumst öðrum leiðum og öðrum aðstæðum en við eigum að venjast, - margt sem við getum lært en einnig lærum við að meta þá kosti sem tónlistarskólakerfið okkar hefur upp á að bjóða.

Á sama tíma og kennarar héldu til Stokkhólms fór Strengjasveit Tónskólans í náms- og tónleikaferð til Filadelfíu í Bandaríkjunum. Um 27 nemendur ásamt foreldrum, stjórnanda sveitarinnar Helgu Þórarinsdóttur og Aðalheiði Matthíasdóttur. Strengjasveitin á í samstarfi við Youth Chamber Orchestra við Temple Music Prep sem er strengjasveit skipuð framúrskarandi nemendum í Filadelfíu og er mikill ávinningur og lærdómur falinn í samstarfi við hljómsveitina sem staðið hefur í átta á og var þetta þriðja heimsókn Strengjasveitarinnar til Filadelfíu. Sveitin heimsótti fjóra tónlistarskóla, hélt tónleika, spilaði með amerískum strengjasveitum, fékk leiðsögn kennara í kammersmúsík og fór á tónleika símfóníuhljómsveita og kammersveita í hæsta gæðaflokki.

Píanónemendur í grunnnámi heimsóttu Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi í nóvember og mynduðu stóra píanóhringekju með nemendum þar og héldu tónleika. Það hefur nú tíðkast í mörg ár að mynda píanóhringekjur með nemendum á svipðu stigi í náminu til að gefa píanónemendum kost á því að vinna sameiginleg verkefni og efla félagsandann á svipað og aðrir hljóðfæranemendur geta gert í hljómsveitastarfi. Halldóra Aradóttir hefur haldið utan um píanóhringekjurnar.

Áhugasamir píanónemendur hafa tækifæri til að taka þátt í Píanó Plús sem var í vetur boðið upp á í tvennu lagi fyrir yngri nemendur og nemendur á framhaldsstigi. Nokkrir nemendur í Píanó Plús hafa náð framúrskarandi árangri og má nefna að David Wallerstein var valinn inn í keppni sem

Haldið var upp á Dag tónfræðinnar í nóvember og að venju voru valin nokkur atriði sem sköruðu fram úr á einhvern hátt. Vinningshafar voru kynntir í fréttabréfinu.

Fjórir nemendur Tónskólans hlutu viðurkenningu í Upptaktinum tónsköpunarverðlaunum í fyrra og var verk Láru Rúnar Eggertsdóttur útsett og flutt á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Chadman Naimi var einn þeirra sem var valinn í Upptaktinn á þessu ári en Upptaktinum var frestað út af samkomubanninu, en Chadman Naimi lék verk sitt "Running in the Woods" á skólaslitum.

Í nóvember hélt stór hópur þverflautunemenda norður í land á námskeið með þverflautunemendum í Tónlistarskóla Akureyrar og Tónlistarskóla Húsavíkur. Í Tónskólanum er öflugt starf í þremur flautusveitum á öllum stigum. Flautukórarnir komu einnig fram á Barnþingi í Norðurljósasal Hörpu undir stjórn Pamelu de Sensi.

Jólatónleikahald var með hefðbundnum hætti í Tónskólanum með fjölmönnum tónleikum strengjasveitanna, forskólans, Suzukideildarinnar, gítarsveitanna og rytmadeildar. Einnig voru haldnir hátíðlegir jólatónleikar í Breiðholtskirkju og í Hörpuhorni, auk tónleika framhaldsdeildar. Ekki má gleyma Aðventuhátíð á torginu við Hraunberg sem Tónskólinn tekur þátt í og Kristín Lárusdóttir hefur haldið utan og leitt saman þar skólahljómsveit, skólakór úr Hólabrekkuskóla og kvæðamannafélag, - með aðstoð hverfismiðstöðvar, - frábær leið til að virkja saman þá sem standa að menningar- og félagsstarfi í Breiðholti og skapa skemmtilega jólastemmingu.

Í janúar hófst árlegt hljómsveitanámskeið Sinfóníuhljómsveitar tónlistarskólanna sem er samstarfsverkefni Tónskóla Sigursveins og tónlistarskólanna í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Sú nýbreytni var í starfsemi hljómsveitarinnar var að halda sérstaka skólatónleika morguninn 24. Jan. ,tvenna tónleika sem 550 nemendur úr 5. -10. Bekk í Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla sóttu. Hljómsveitastjórinn kynnti hljómsveitina og verkin og tókust þessir skólatónleikar sem eru mikilvægt kynningarstarf og jafningjafræðsla þar nemendur spila fyrir

Tvær gítarsveitir Tónskólans tóku þátt í Gítarsveitadeginum í Reykjanesbæ í febrúar sem er gítarsveitamót sem vonandi verður árlegt.

Þema vetrarins var Tónlistin og samfélagið og eins og komið hefur fram var mjög mikið um heimsóknir út fyrir skólann, samstarf við aðra tónlistarskóla og tilraunir gerðar til að tengjast samfélaginu enn betur.

Í sérstakri þemaviku í febrúar af því heimsóttu nemendur Tónskólans dvalarheimili, vinnustaði og skóla og héldu um 25 tónleika. Tókust tónleikaheimsóknirnar mjög vel, - vöktu mikla lukku þeirra sem á hlýddu og það var sérstaklega ánægjulegt að við skyldum ná að heimsækja öll dvalarheimili aldraðra áður en heimsóknir þangað urðu mjög takmarkaðar vegna kórónaveirunnar.

Fjöldi masterklassa voru haldnir á skólaárinu - barokk námskeið fyrir blásara, námskeið fyrir málmblásara, námskeið fyrir píanó, fyrir gítarsveit áhugamanna og nokkrir masterklassar bæði fyrir sellónemendur og fyrir fiðlunemendur. Það er mjög gaman og lærdómsríkt að fá gestakennarar til að leiðbeina nemendum á framhaldsstigi.

Einn nemandi lauk framhaldsprófi frá skólanum í vetur. Bjargey Birgisdóttir tók prófið og hélt glæsilega tónleika í desember sl. Bjargey hefur náð frábærum árangri, m.a. unnið til viðurkenninga í Nótunni árið 2018 og var valin þar til að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Bjargey lék fiðlukonsert Mendelsohns með hljómsveitinni árið 2018. Einnig vann Bjargey til verðlauna í Janewicz fiðlukeppninni á

vegum pólska sendiráðsins árið 2019. Bjargey var líka að ljúka stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og hefur fengið inngöngu í tónlistarháskóla í Basel þangað sem stefnan er tekin í haust.

Einn kennari lét af störfum, Jón Hrólfrur Sigurjónsson, sem hefur starfað við tónfræðagreinakennslu við Tónskólann með hléum frá 1978, - um 33 ár. Jón Hrólfrur var einnig nemandi í Tónskóla Sigursveins en hélt síðan til Bandaríkjanna þar sem hann lauk doktorsprófi í tónlistarkennslu. Jón Hrólfrur vann samhlíða kennslu mikilvægt starf við uppbyggingu Tónlistarsafns Íslands, vefjanna Ísmús og Musík.is og einnig gegnt ýmsum sérfræðingsstörfum m.a. fyrir menntamálaráðuneytið. Jón Hrólfrur tók virkan þátt í þróunarstarfi varðandi tónfræðikennsluna í skólanum.

Málþing Samtaka tónlistarskólalæra undir yfirskriftinni “Framtíð tónlistarskólanna – hvert stefnum við ?” var haldið í Hörpu í lok september og var það vel sótt af kennurum Tónskólans. Mörg mjög áhugaverð erindi voru þar flutt og sérstaka athygli vöktu niðurstöður fjölda rannsókna sem Dr. Helgu Rut Guðmundsdóttur kynnti um áhrif tónlistarnáms á námsárangur og frammistöðu barna í lestri og stærðfræði og jákvæð áhrif á félagslega hegðun. Aðrar rannsóknir sýndu fram á bein tengsl rytmabjálfunar og rytmafærni við lestrarfærni. Það er mjög hvetjandi að sjá vísindalegar niðurstöður um jákvæð áhrif tónlistarnáms.

Framtíð tónlistarskólanna – hvert stefnum við ? er spurning sem við verðum að svara að einhverju leyti við endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla sem komin er á verkefnaáætlun ríkisstjórnarinnar og hefst vinna við það vonandi á næsta ári. Tónlistarskólalærarar á öllu landinu munu velja þessari spurning fyrir sér og taka almennan hluta aðalnámskrár tónlistarskóla sem og allar greinanámskrárnar til endurskoðunar á sameiginlegum starfsdegi kennara sem haldinn verður 21. ágúst.

Það hefur tíðkast að veita hvatningaverðlaun á skólaslitum undanfarin ár til að vekja athygli á nýjungum og sérstökum verkefnum og því sem vel er gert. Að þessu sinni hlutu allir kennarar Tónskólans hvatningarverðlaun fyrir það sem þeir lögðu á sig til að bregðast við samkomubanninu. Kennarar þurftu fyrirvara laust að laga sig að breyttum aðstæðum, tileinka sér nýja hluti og leggja á sig mikla vinnu. Kennarar sýndu frumkvæði og mikinn dugnað.

MAT Á NÁMSÁRANGRI

Námsmat í Tónskóla Sigursveins

- a. Áfangapróf
 - i. Prófdómarar frá prófanefnd
- b. Millistigapróf
 - i. Hægt er að taka G1 og G2 stig í hljóðfærleik áður en grunnpróf er tekið. Það er valkostur en ekki skylda, - t.d. taka margir Suzukinemendur útskriftarpróf úr Suzukibókum eingöngu áður en þeir taka grunnpróf. Í hverri deild skólans eru skilgreindar kröfur í millistigaprófum. Yfirleitt dæma kennarar innan skólans G1 og G2 stigs prófin
 - ii. M1 stigs próf er tekið fyrir miðpróf og F1 stigspróf á milli miðprófs og framhaldsprófs. Í boði er að taka F2 stig líka fyrir framhaldspróf en það er valkvætt. Prófdómarar utan skólans dæma M1, F1 og F2 stigspróf.
- c. Suzukiútskriftir
 - i. Suzukinemendur útskrifast úr Suzukibókum með því að flytja valin lög á tónleikum og prófdómari skrifar ítarlega umsögn.

- d. Námsmat í tónfræðagreinum
 - i. Próf í tónfræðagreinum eru í lok haustannar og vorannar. Í sumum áföngum er símat, ritgerðasmíði, fyrirlestrar og önnur verkefni svo sem frumsamin verk á Degi tónfræðinnar.
- e. Umsagnir kennara um árangur nemenda á skólaárinu í eru afhentar á skólaslitum.

Skilgreiningar á millistigaprófum fyrir einstök hljóðfæri má finna í fylgiskjöllum með skólanámskrá.

Fjöldi áfangaprófa og annarra prófa 2019-20

Fjöldi skráðra prófa er 357, þar af 174 áfangapróf í hljóðfæraleik sem skiptast þ.a. að 45 nemendur tóku G1 próf í hljóðfæraleik, 37 nemendur G2 próf, 52 tóku grunnpróf, 19 tóku M1 próf, 10 tóku miðpróf, 10 tóku F1 próf og 1 nemandi framhaldspróf. 65 nemendur útskrifuðust úr Suzukibókum 1 – 6. Hátt í 200 áfangapróf voru tekin í tónfræðagreinum. 31 nemandi lauk forskóla og hefja þeir flestir hljóðfæranám í haust.

Bjargey Birgisdóttir, fiðluleikari, lauk framhaldsprófi með einkunninni 9,8 og hélt glæsilega framhaldsprófstónleika í desember 2019.

MAT Á STARFSEMI SKÓLANS

YTRA MAT - SKÓLINN

Skóla - og frístundasvið gerði könnun á viðhorfi foreldra barna í tónlistarnámi og niðurstöður voru birtar í ágúst 2018. Samskonar könnun var framkvæmd árið 2013 og birtust niðurstöður þeirrar könnunar einnig til samanburðar, auk þess sem niðurstöður könnunarinnar í heild var birt til samanburðar við niðurstöður könnunarinnar í Tónskóla Sigursveins. SFS sendi út könnunina en Tónskóli Sigursveins hvatti foreldra í skólanum að taka þátt og var svarhlutfallið í skólanum 61%.

Eftirfarandi atriði voru könnuð

- Bakgrunnur foreldra og þátttaka fjölskyldunnar í tónlistarnámi
- Hversu lengi nemandinn hafði stundað tónlistarnám og námsstig
- Umgjörð kennslu, viðmót kennara og líðan barns í tónlistarskólanum
- Viðhorf til tónlistarkennslunnar, foreldrasamstarf og upplýsingagjöf
- Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar fyrir Tónskóla Sigursveins sem kom m.a. fram í að:
 - 97% svarenda voru ánægðir með kennslu barnsins
 - 83% svarenda voru ánægðir með tímasetningu kennslunnar
 - 96% foreldra voru ánægðir með viðmót tónlistarkennarans í samskiptum sínum við hann
 - 97% foreldra voru ánægðir með viðmót tónlistarkennarans í samskiptum við nemandann

- Nemendum líður alltaf eða oftast vel í einkatímum, samkennslu, samspili, hljómsveitaræfingum, tónleikum og tónfræðitímum (summan fyrir hvert atriði var á bilinu 82-95%)
- 96% svarenda voru ánægðir með þátttöku barnsins í tónleikum eða tónfundum. 19% vildu hins vegar að barnið kæmi oftar fram á tónleikum/tónfundum/viðburðum
- 92-95% svarenda töldu tímalengd hljóðfærakennslu og samspils- eða hljómsveitaræfinga hæfilega og kröfur um ástundun hæfilegar
- 52% svarenda höfðu sjálfir verið í tónlistarnámi, höfðu góða reynslu af því og nefndu það sem ástæðu þess að barnið væri í tónlistarnámi
- 87% svarenda voru ánægðir með upplýsingagjöf um starfsemina
- 95% töldu skólahljómsveit vera vel stjórnað
- 95% svarenda töldu aðgengi að kennurum gott
- Yfir 200 ummæli foreldra birtust í niðurstöðunum sem Tónskólinn fékk sendar og var mjög ánægjulegt að lesa þau og gagnlegt. Meira en 100 voru hrós um tónlistarkennarana og sýndi að það starf tónlistarkennarans er sá þáttur sem skiptir mestu máli varðandi ánægjuna með tónlistarnámið. Dæmi um ummæli:
 - Frábær kennari (algengasta ummælið),
 - frábært einstaklingsmiðað nám, gott aðhald og skipulag
 - hlýlegt viðmót og virðing
 - hagar barna og gæði kennslu í fararbroddi
 - jákvæð og fagmannleg kennsla
 - sveigjanleiki og tillit tekið til áhuga og þarfa
 - hvetjandi kennari
 - mjög góður og faglegur kennari sem nær vel til barnsins
 - mjög persónuleg og góð kennsla
 - jákvæður agi
 - mjög vel haldið utan um nemandann
 - alveg einstök og fær kennari
 - reynsla af kennurum í Tónskóla Sigursveins er afar jákvæð
 - góður og metnaðarfullur kennari sem velur verkefni við hæfi, örvar og agar á jákvæðan hátt
 - reynslumikill kennari með mikinn metnað
 - setur skýr markmið
 - kennarinn gerir námið spennandi og áhugavert
 - námið er mjög hnitmiðað
 - kennarinn nær einstaklega vel til nemandans og honum líður alltaf vel og finnst gaman í tímum
 - kennarinn er sjálfur mjög fær hljóðfæraleikari og tekst að miðla þekkingu sinni og færni vel til nemanda
 - smitandi áhugi kennara.
- Gagnlegt er að fara yfir þau ummæli sem ekki voru eins jákvæð með það í huga að gera umbætur.

MATSÁÆTLUN 2020-21

- Farið verður í undirbúning á Innra mati og valdar áherslur fyrir skólaárið 2020-21 á starfsdögum næsta haust.

HVERNIG SKÓLINN FRAMFYLGIR STEFNU REYKJAVÍKURBORGAR

Tónskóli Sigursveins hefur lagt sérstaka áherslu á að auka þátttöku nemenda í Breiðholti í tónlistarnámi með umfangsmiklu samstarfi við Hólabrekkuskóla, Fellaskóla og Fjölbautaskólann í Breiðholti sem líst hefur verið hér að framan en það er stefna Reykjavíkurborgar að jafna aðgengi nemenda í tónlistarnám á milli hverfa borgarinnar. Við sjáum nú þegar aukningu á umsóknum í forskólann.

Stefnt er að tilraunakennslu á píanó og fiðlu í daglegum hóptímum í samvinnu við Fellaskóla og verður hægt að greiða námsgjöldin að fullu með frístundastyrk Reykjavíkurborgar. Reiknað er með að taka inn 5 nemendur á píanó og 5 nemendur á fiðlu og þar notaðar þær stundir sem bætt verður við í hverfum þar sem þátttaka nemenda í tónlistarnámi er lítil.

LOKAORÐ

Árangurinn á skólaárinu 2019-20 var mjög góður þrátt fyrir Covid og samkomubannið eins og komið hefur fram hér að framan. Kennarar tileinkuðu sér nýjar kennsluaðferðir og fundu nýjar leiðir í tónlistarkennslunni sem við munum reyna að nota í framtíðinni.

Júlíana Rún Indriðadóttir,
skólastjóri Tónskóla Sigursveins